

Undirritaður, í umboði Strandveiðifélags Íslands leggur til breytingar á fyrirbyggjandi tillögu matvælaráðherra að verklagi og áherslum á sviði matvæla.

Strandveiðifélag Íslands, félag um réttlæti í sjávarútvegi er ný félagasamtök sem nú telja um 260 félagi. Okkar fyrsta krafa er að fá sæti í Sjávarútvegsnefnd matvælaráðherra á grundvelli þess að vera hagsmunasamtök í sjávarútvegi. Félagið er eðlisólíkt þeim hagsmunasamtökum sem fyrir eru þar sem félagið skilgreinir sig sem mannréttindasamtök. Inngöngukröfur í félagið eru einungis þær að vera sammála markmiðum félagsins. Þeim er lýst í eftirfarandi tilvitnun í stofnsamþykktir félagsins.

*“Tilgangur félagsins er að standa vörð um og berjast fyrir rétti almennings til handfæraveiða við Íslandsstrendur og koma í veg fyrir mismunun í lögum um fiskveiðistjórnun sem brýtur í bága við stjórnarskrá landsins sem er staðfest alþjóðlega og innanlands. Markmiðið er að stuðla að nauðsynlegum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfi og núverandi kvótakerfi í átt að réttlæti fyrir alla þjóðina, umbótum á vísindalegum hafrannsóknnum og veiðiráðgjöf, verndun hafsins og fiskistofna ásamt hagsmunum og réttindum Íslenskra sjómanna. Félagið vísar í álit mannréttindanefndar Sameinuðu Þjóðanna frá því í október 2007 þar sem koma fram að íslensku lögum um stjórn fiskveiða brjóti í bága við 26. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi um jafnrétti allra manna. Við vísam einnig í niðurstöðu Hæstaréttar frá árinu 1998 að fiskveiðistjórnarkerfið eins og það er uppbyggt væri andstætt jafnréttisákvæðum stjórnarskrárinnar og ákvæðum um atvinnufrelsi. “*

Þessi umsögn tekur til blaðsíðna 8 - 15 í fyrirbyggjandi skjali. Matvælaráðuneytið leggur til að fjórir starfshópar taki til starfa og skili niðurstöðum sínum á tveimur dagsetningum, annarsvegar 30. nóvember 2022 og hinsvegar 31. maí 2023. Þeirra skilgreindu hlutverk eru samfélag, aðgengi, umgengni og tækifæri.

Starfshópum um umgengni og tækifæri er ætlað að skila sinni niðurstöðu fyrr en starfshópum samfélags og aðgengis. Í því samhengi má nefna að í yfirliti yfir nefndir starfshópa síðastliðin þrjátíu ár á blaðsíðu 9 í tillögunni er umfjöllunarefni þeirra nánast undantekningarlaust aðgengismál. Það skýtur því skökku við að forgangsröðuninni skuli ekki háttað eftir því og starfshópi um aðgengi skili fyrr, því vinna starfshópanna sem skila sinni niðurstöðu á undan verður líklega lögð til grundvallar vinnu þeirra hópa sem á eftir koma.

Skeytingaleysi stjórnvalda gagnvart stöðu strandabyggða verður enn augljósari þegar vinnu starfshóps um samfélag, er ekki að vænta fyrr en á miðju strandveiðitímabili 2023. Strandveiðar í núverandi lögum eru eina leiðin fyrir nýja aðila til þess að hasla sér völl við fiskveiðar.

Því leggur Strandveiðifélag Íslands til að skil starfshópa um umgengni og tækifæri verði frestað til vors 2023 og skil starfshópa um samfélag og aðgengi færð strax að hausti 2022.

Væntingar Strandveiðifélags Íslands um árangur af tillögum sjávarútvegsráðherra eru ekki miklar. Sl. 38 ár hafa ótal nefndir og starfshópar fjallað um fiskveiðistjórnun án sjáanlegs árangurs. Þróun aflamarkskerfisins hefur hingað til stjórnast fyrst og fremst af hagkvæmnirökum. Því til rökstuðnings má nefna kvótasetningu ígulkerja, sandkola og sæbjúgna án þess að á þeim hafi verið gerðar nokkrar haldbærar rannsóknir á stofnstærðum. Því er ljóst að rökin þar að baki eru byggð á takmörkuðum líffræðilegum forsendum.

Sömu sögu má segja um tilraunir til kvótasetningu grásleppu þar sem kom í ljós að þáverandi sjávarútvegsráðherra byggði á ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar sem hafði dregið saman heildarpott veiðanna. Ári seinna var potturinn svo gott sem tvöfaldaður en í báðum tilvikum byggði ráðgjöfin á ógagnsæjum og fálmkenndum áætlunum án nokkurra rannsókna en höfðu víðtæk áhrif á fjögurhundruð útgerðir.

“Aflamarkskerfi í botnfiskveiðum var komið á með lögum nr. 82/1983. Knýjandi líffræðileg og hagræn rök voru fyrir því að hverfa frá sóknarstýringu vegna ofveiði og offjárfestinga í fiskiskipum.” segir á bls. 8, í fyrstu málsgrein.

Með sömu rökum og voru notuð þá væri hægt að segja að núverandi aflamarkskerfi hafi ekki þjónað tilgangi sínum. Upphaflegur tilgangur verndunar fiskistofna frá ofveiði með þrengri aðgangstýringu hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Samdráttur hrygningastofns þorsks á síðastliðnum tveimur árum gefur til kynna að forsendur kerfisins séu ekki á réttum rökum reistar. Ísland, einna þjóða, stýrir sínum veiðum eftir hnífsegg með aflareglu. Við breytingar á útreikningi hennar voru eldri árgangar en áður þekktist notaðir til grundvallar á útreikningum hrygningarstofns og með því vægi þeirra minnkað. Því mætti leiða líkur að því að ofverndun fiskistofna við Íslandsstrendur hafi getið af sér minni hrygningarstofn. Þarna eru komin “knýjandi líffræðileg og hagræn rök” fyrir því að núverandi kerfi sé andstætt upphaflegum tilgangi sínum.

Jafnframt er það bersýnilegt að gjaldheimta af auðlindinni dugir ekki til reksturs stoðkerfa sem þarf til þess að hún sé nýtt á vísindalegum grunni. Eftirlit með nýtinguni er augljóslega ábótavant og í mörgum tilvikum virðist sem því sé beitt óhóflega á minnstu þátttakendur, en nánast ekkert á þá sem mest afla.

Með nýrri tækni er hægt að raða fiskflökum í neytendapakkingar með frávikum upp á míkrógramm, en það reynist ómögulegt að áætla ísnotkun við löndun. Frávik við löndun eru vart svo svívirðileg að hægt væri að stofna þrjár stæðilegar bæjarútgerðir og bæta við heilu strandveiðikerfi á mismuninum.

Við ítrekum að Strandveiðifélag Íslands, f.h. 260 félagsmanna, gerir kröfu um sæti við borðið.

Virðingarfyllst,

F.h. Strandveiðifélags Íslands,

Gunnar Ingiberg Guðmundsson, formaður

gunnaringiberg@strandveidifelag.is